

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Dýrleifar Kristjánsdóttur.

1. gr.

Heiti og stofnendur.

Heiti sjóðsins er Minningarsjóður Dýrleifar Kristjánsdóttur.

Sjóðurinn er stofnaður af Sigrúnu Gunnarsdóttur, kt. 160560-3479, Ragnheiði Gunnarsdóttur, kt. 020960-4699 og LEX ehf., kt. 570297-2289.

2. gr.

Heimili og varnarþing.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði auðlinda- og umhverfisréttar. Þá er einnig markmið sjóðsins að úthluta styrkjum til verkefna á sviði geðverndar.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að úthluta styrkjum þegar hún telur ástæðu til. Styrki úr sjóðnum skal auglýsa einu sinni á ári.

4. gr.

Stofnfé og tekjur.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000 sem LEX ehf. leggur til. Stjórn sjóðsins getur leitað eftir gjafafé og öðrum framlögum frá utanaðkomandi aðilum. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggilegum hætti.

Tekjur sjóðsins eru arður og vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast, gjafir, áheit og annað fé.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslunni en miða skal við að bankastofnun verði falin fjárvarslan eftir nánara samkomulagi.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum stjórnarmönnum, skipuðum til fimm ára í senn.

Við undirritun skipulagsskrár þessarar skulu stjórn sjóðsins skipa: Sigrún Gunnarsdóttir, kt. 160560-3479, Ragnheiður Gunnarsdóttir, kt. 020960-4699, Kristján Gerhard, kt. 250381-5069 og Lilja Jónasdóttir, kt. 020863-5449. Stjórnin skal kjósa sér formann á fyrsta fundi.

Við ákvarðanir innan sjóðsins, þ. á m. um úthlutun, ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna en falli atkvæði á jöfnu skal atkvæði formanns stjórnar hafa tvöfalt vægi.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

6. gr.

Reikningsár og endurskoðun.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabilið skal vera árið 2013.

Sjóðstjórn skal semja reikninga sjóðsins fyrir 1. júní ár hvert. Stjórnin skal fá skoðunarmann til að endurskoða reikninga sjóðsins.

Endurskoðaður reikningur sjóðsins ásamt skýrslu stjórnar um það hvernig fé sjóðsins var ráðstafað á árinu skal senda til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní ár hvert í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

7. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Breytingar á skipulagsskrá þessari mega fara fram ef allir stjórnarmenn eru sammála um breytingar á henni og sýslumaður heimilar eftir umsögn Ríkisendurskoðunar.

Nr. 1284

28. desember 2012

Um starfsemi sjóðsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

8. gr.
Staðfesting.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 28. desember 2012.

Ríkarður Másson.

Lára Kristín Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2013